

MÆTTIR: Árný Þórólfsdóttir (stjórn SBU), Ásdís Hafstað, Kristín Ósk Hlynsdóttir (stjórn SBU), Bragi Skúlason (formaður Fræðagarðs), Óskar Guðjónsson (stjórn SBU), Bára Stefánsdóttir, Inga Dís Karlsdóttir (stjórn SBU), Inga Kristjánsdóttir, Linda Wright, Jakobína Ólafsdóttir og Hrafnhildur Þorgeirsdóttir.

DAGSSKRÁ:

1. *Fjallað um tildrög vinnuhóps um framtíð SBU.* – Kristín Ósk Hlynsdóttir, formaður SBU.
2. *Greinargerð vinnuhóps um framtíð SBU* – kynning. Ásdís Hafstað fh. Vinnuhópsins.
3. *Fræðagarður* (sameinað félag Útgarðs og Félags Íslenskra Fræða) kynnt. – Bragi Skúlason, formaður Fræðagarðs.
4. *Umræður*
5. *Önnur mál*

-
1. Kristín Ósk setur fundinn og kynnir dagskrá fundarins. Greint er frá tilurð þess að ákveðið var að skipa vinnuhóp um framtíð félagsins á síðasta aðalfundi. Tilgangur félagsfundarins er að fjalla um greinargerð vinnuhópsins um framtíð SBU og hugsanlega sameiningu við Fræðagarði. (Sjá fylgiskjal 1).
 2. Kynning á greinargerð um framtíð SBU og starfi nefndarinnar. Vinnuhópurinn hafði til grundvallar skýrslu um stéttarfélögin sex í Huggarði sem innihélt m.a. svót greiningu og var unnin í nóvember 2007. Niðurstaða nefndarinnar er að ekki sé tímabært að sameinast Fræðagarði að svo stöddu. Færð voru rök gegn sameiningu við Fræðagarð en þó tekið fram að niðurstaða nefndarinnar væri ávallt til endurskoðunar. (Sjá fylgiskjal 2).

Umræður: Tölur úr óendurskoðuðum ársreikningi kynntar. Umræður um kostnað v/ yfirbyggingar. Greitt er hlutfallslega til BHM og Huggarðs og því ætti rekstrarkostnaður ekki að breytast mikið við sameiningu.

3. Fræðagarður kynntur fyrir fundarmönnum. Útgarður og Félag Íslenskra Fræða sameinuðust 18. Júní 2008. Sameining gekk vel. Skoðað var sérstaklega hvað lá á bak við hvern félagsmann og var mismunur greiddur út þannig að allir byrjuðu jafnir í hinu nýja félagi. Stjórn Fræðagarðs er skipuð fyrrum stjórnarmeðlimum Útgarðs og FíF-K (8 manna stjórn) en verður fækkað í fimm á aðalfundi félagsins. Skipulag hins nýja félags byggir á kjaradeildum þ.e. eftir viðsemjendum. Ekki talin þörf á fagdeildum né deildarskiptingu enn sem komið er. Samstarfið gengur vel. (Sjá fylgiskjal 3).
4. Umræður:

Fjallað um Huggarðssamstarfið. Samstarfið allaf að eflast og önnur félög hafa áhuga á að ganga inn í samstarfið. Félögin í Huggarði hafa farið fram saman í kjarasamningagerð.

20% félagsmanna Fræðagarðs eru á almennum vinnumarkaði. Stærð Fræðagarðs til umræðu. Ekki stendur til að kljúfa Fræðagarð úr Huggarði né BHM.

Fræðagarður á í húsnæði Huggarðs. SBU greiddi Fræðagarði 790 þús í leigu á síðasta ári. Fyrirspurn um húsaleigu sem FÍF-K greiddi Útgarði. Leigan dekkar rekstrarkostnað á húsnæðinu. FÍF-K greiðir ekki leigu eftir sameiningu en tekur þátt í að dekkja rekstrarkostnað.

Fyrirspurn um skipun stjórnar Fræðagarðs. Komin er tillaga að skipun nýrrar stjórnar og er meirihluti tilnefndra frá FÍF-K. Möguleiki er að binda í lög ákveðna deildarskiptingu félaga til að tryggja að stjórn Fræðagarðs sé skipuð fulltrúum frá gömlu félögunum. Umræður um að í framtíðinni verða skil á milli gömlu félugganna og Fræðagarðs óljós og því er hætta á að stéttarvitund dofni og um leið erfitt að tryggja að fulltrúar frá SBU skipi stjórn Fræðagarðs. Nógu erfitt er að manna störf eins og er.

Styrkur Fræðagarðs liggur í stærðinni. Ólíkar fagstéttir eiga mikla samleið kjaralega. Hverju breytir sameining þar sem nú þegar er mikið samstarf á milli Huggarðsfélaganna? Núverandi fyrirkomulag gerir félagi kleift að draga sig úr samstarfi.

Þrátt fyrir samstarf hefur SBU ekki verið að ná góðum samningum. Góðir samningar náðust 2003-2004 en þeim hefur ekki verið fylgt nógu vel eftir. Sóknarfæri talin liggja í einsleitninni og sérstöðu hópsins.

Umræður um mikilvægi þess að fjölga félagsmönnum. Langt er síðan farið var í áttak við að fjölga félagsmönnum, en það heppnaðist vel. Það að ríkisstarfsmenn sömdu af sér vísindasjóðinn hefur áhrif þar sem BSU í öðrum stéttarfélagum vilja ekki missa aðgengi að vísindasjóði.

Ef fundurinn ályktar að hefja eigi aðildarumræður þá tekur við ferli sem tekur amk eitt ár. Hefja þarf aðildarumræður að nýju og á nýjum forsendum. Rætt um nauðsyn þess að fá fram vilja félagsmanna þar sem könnun sem gerð var árið 2008 fór framhá mörgum.

Fundurinn ákvað að undir liðnum Önnur mál á aðalfundi SBU í mars yrði annað tveggja ákveðið:

1. að skjóta hugmyndinni um sameiningu við Fræðagarð á frest um óákveðinn tíma
 2. að setja í gang rafræna atkvæðagreiðslu um hvort fara eigi í aðildarviðræður við Fræðagarð án skuldbindinga.
5. Ákveðið hefur verið að halda aðalfund 19. Mars. Árný og Gríma ganga úr stjórn. Kristín Ósk gefur ekki kost á sér til áframhaldandi formannsetur en gefur kost á sér í stjórn félagsins. Óskar gefur kost á sér til formanns.

Fleira ekki rætt. Fundið slitið.

Inga Dís Karlsdóttir

Fundarritari